

## **FRÉTTATILKYNNING**

### **HAGVÖXTUR SVÆÐA**

#### **Landshlutareikningar 1998 -2005**

Byggðastofnun hefur í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið tölur um hagvöxt í einstökum landshlutum. Í byggðarlegu tilliti er mikilvægt að áreiðanlegar upplýsingar séu til um hagþróun á einstökum svæðum á Íslandi, m.a. til að samanburður við aðrar þjóðir verði auðveldari.

#### **Landshlutar**

Landinu er skipt í átta svæði og er horft til kjördæmaskipunina sem kosið var eftir á árunum 1959 til 1999. Svæðin eru Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes og höfuðborgarsvæðið er eitt svæði, þ.e. Hafnarfjörður, Seltjarnarneskaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Kópavogur og Reykjavíkurborg.

Hagvöxtur er mestur á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi. Nokkur fylgni er milli fjölgunar íbúa og hærri hagvaxtar á mann. Á þeim svæðum þar sem íbúum fækkar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er hagvöxtur á mann lægstur. Hagvöxtur fyrir summu landshlutanna er jafn hagvexti samkvæmt yfirliti Hagstofu Íslands fyrir landið allt.

Mikill munur milli landshluta er á því hvaða atvinnugreinar mynda hagvöxtinn. Þjónusta skýrir mestan vöxt á höfuðborgarsvæðinu, og í öðrum landshlutum vex þjónusta einnig mikið. Á Austurlandi skýrir byggingarstarfsemi hins vegar langmest hagvöxt. Á Vesturlandi er mestur vöxtur í þjónustu og iðnaði. Á Suðurlandi skiptis hagvöxtur nokkuð jafnt milli atvinnugreina en samdráttur er í veiðum. Samdráttur í veiðum og fiskvinnslu skýra neikvæðan hagvöxt á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Meðfylgjandi í viðhengi er skýrsla gerð af Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Byggðastofnun Próunarsvið  
Halldór Vídalín Kristjánsson  
sérfræðingur